

Fundur Fagráðs Þróunarmiðstöðvar Íslenskrar Heilsugæslu (ÞÍH) 27. ágúst 2020.

Íris Dröfn Björnsdóttir, Hulda Gestsdóttir, Oddur Steinarsson, Sigríður Dóra Magnúsdóttir, Örn Ragnarsson, Súsanna Björg Ástvaldsdóttir, Sigríður Sía Jónsdóttir, Emil L. Sigurðsson. Ragnar Pétur Ólafsson boðaði forföll.

Fundur settur kl 13.30 og gengið til dagskrár

1. Heimasíða og logo
Forstöðumaður gerði lauslega grein fyrir heimasíðunni og nýju logoi sem ÞÍH hefur tekið í notkun. Almenn ánægja með logoið.
2. Heimsóknir á heilbrigðisstofnanir.
Síðastliðinn vetur voru ráðgerðar heimsóknir frá ÞÍH á þær heilbrigðisstofnanir sem starfrækja heilsugæslustöðvar. Þetta til að kynna starfsemi ÞÍH en jafnframt til þessa að koma á tengingum milli aðila. Farið var í heimsókn á Heilbrigðisstofnun Suðurlands en áformaðar heimsóknir á HSS og HSN féllu niður annars vegar vegna ófærðar og hins vegar vegna Covid-19 faraldurs. Í umræðu um þetta kom fram mikill áhugi á heimsókn frá ÞÍH en ef það myndi dragast á langinn vegna Covid-ráðstafana væri æskilegt að nýta fjarfundarbúnað.
3. Verkefni
Forstöðumaður ÞÍH gerði grein fyrir helstu verkefnum sem unnið væri að eins og:
 - Heilsueflandi móttökur- nýráðinn verkefnastjóri
 - Postcovid ástand-verkferlar, samvinna við LSH og endurhæfingageirann
 - Gerð lyfjalista í samræmi við ný samþykkt lyfjalög
 - Leiðbeiningar varðandi veikindi í grunn- og leikskólum
 - Fyrirhuguð staða barnalæknis á ÞÍH
 - Geðheilbrigðismál-aukafjármagn sem ÞÍH fékk til að vinna sérstaklega að þessum málum. Verkefnið stendur yfir í eitt ár.
4. Önnur mál
 - Leiðbeiningar um eftirfylgd kvenna sem greinast með veikindi á meðgöngu. Sent út til umsagnar í sumar en óskað eftir frekari tíma í það þar sem að tíminn sem gefinn var var bæði knappur og á hásumarleyfistíma. Almennar umræður um þetta og aðkomu heimilislækna og mikilvægi þess að nýta 6 vikna skoðunina í þessu samhengi.
 - Fundagerðir Fagráðs
Á nýlegum starfsmannafundi ÞÍH hafði komið fram fyrirspurn um hvort fundagerðir Fagráðsins yrðu aðgengilegar. Fundarmenn almennt sammála því.
 - Sía lýsti ánægju sinni með að sérnám í heilsugæsluhjúkrun sé komið inná ÞÍH. Í dag eru 13 hjúkrunarfræðingar að byrja slíkt nám.
 - Rætt var um vísindanefnd HH/HÍ sem heyrir undir HH en æskilegt væri að Siðanefnd starfaði innan heilsugæslunnar allrar svipað og er á LSH og SAK.
 - Rætt um Sögukerfið og mikilvægi þess að annars vegar bæta skráningu og eins að samræma sem mest á öllu landinu.

- Mönnunarmódel. Hvað þarf af starfsfólki/fagfólki til að sinna ákveðnum hópi skjólstæðinga. Þessi tala er til fyrir hjúkrunarfræðinga sem sinna skólaheilsugæslu og gömul tala frá Kjaranefnd um fjölda skjólstæðinga á hvern lækni. Nokkur umræða skapaðist um þennan lið. Fagráðið lýsti almennt áhuga sínum á að þetta yrðir skoðað af ÞÍH en jafnframt ljóst að fagfélögin þyrftu einnig að koma að þeirri vinnu.
- Fyrirspurn kom fram um hvort að einstaklingar sem búa úti á landi ættu ekki að eiga möguleika á að starfa hjá ÞÍH og er vilji til þess. ÖR gerði athugasmed við að við nýlega ráðningu verkefnisstjóra hjá ÞÍH var þess krafist að starfsstöð væri í Reykjavík. Forstöðumaður sagði hins vegar að þess hefði ekki verið krafist hvorki í auglýsingu né viðtölum en að hæfasti umsækjandinn hefði verið valinn.
- Covid-19 faraldurinn var ræddur og fram kom m.a. í máli Önnu Guðríðar að vinna vegna faraldursins og við sýnatökur hefði kallað á mikinn mannafla.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl 15.15

Fundargerð ritaði Emil L. Sigurðsson